

**1990 nr. 76 17. maí****Lög um Skákskóla Íslands**

Tóku gildi 1. janúar 1991. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við [ráðuneytið]<sup>1)</sup> starfar skóli er nefnist Skákskóli Íslands.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 146. gr.

■ **2. gr.** Skólinn er starfræktur í húsakynnum Skáksambands Íslands. Skal árlega veittur til hans styrkur á fjárlögum sem hér segir:

a. Framlag sem nemi einu stöðugildi í 8. þrepi 144. lfl. BHM.

b. Rekstrarstyrkur sem nemi hæfilegri leigu fyrir afnot húsnæðis.

■ **3. gr.** Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og hafa á hendi hvers fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Skal skólinn m.a. halda námskeið úti á landi í samvinnu við skóla og taffélög.

■ **4. gr.** Skólastjórn Skákskóla Íslands skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af eftirtöldum aðilum til þriggja ára í senn: [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar einn, Skáksamband Íslands skipar tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara.

□ Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar skal kveðið á um verksvið hennar í reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 146. gr.

■ **5. gr.** Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

■ **6. gr.** Skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Nám í almennum deildum skal auglýst og greiða nemendur námsgjald fyrir. Í framhaldsdeild eru nemendur valdir á grundvelli inntökuprófs og skólavist ókeypis. Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.

□ Í starfsemi skólans er skylt að gæta jafnréttis kynjanna í hvívetna.

□ Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda og tilhögun kennslu í reglugerð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 459/1990.

■ **7. gr.** Til að standa straum af kostnaði við stofnun skólans skal veittur sérstakur styrkur á fjárlögum ársins 1991.

■ **8. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að semja við önnur félagsamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 146. gr.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.